

Áhrif eldgossins í Eyjafjallajökli á íbúa.

Guðrún Gísladóttir¹ og Deanne Bird^{1,2}

¹ Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

² Risk frontier, Macquarie University, Sydney, Australia

Íbúar undir Eyjafjöllum upplifðu tvö mismunandi eldgos vorið 2010. Hið fyrra hófst með hraungosi á Fimmvörðuhálsi þann 20. mars, sem var tilkomumikið og dró að sér innlenda og erlenda ferðamenn sem flyktust á svæðið til þess að upplifa gosið. Goslokum var lýst yfir þann 13. apríl, en þann 14. apríl hófst sprengigosi í Eyjafjallajökli. Áhrifin gossins voru umtalsverð á íbúa í nágrenni eldstöðvanna þótt þau hafi einnig náð út fyrir landsteinana vegna röskunar á flugumferð. Gosinu fylgdu jökul- og eðjuflóð og mikið öskufalli barst til suðurs og austurs frá gosstöðvunum, auk þess sem eldingar og gosdrunur voru miklar.

Þau jákvæðu efnahagslegu áhrif sem gosið á Fimmvörðuhálsi hafði, skiluðu sér ekki í kjölfar Eyjafjallagossins. Áhrifin af gosinu voru þó mismunandi eftir svæðum en alvarlegust voru þau þar sem áhrif gjósku og flóða gætti mest. Öskufok og gjóskufok eftir að gosi lauk olli víða skemmdum á ræktuðu landi og beitilandi, auk þess sem það fældi ferðamenn frá svæðinu. Síendurtekin eðjuflóð ollu landskemmdum, m.a. á ræktuðu landi og margir bændur og ferðaþjónustuaðilar höfðu áhyggjur af fjárhagslegri afkomu sinni og gæðum lands. Þótt íbúar hafi almennt borið sig vel liðu margir íbúar í nágrenni Eyjafjallajökuls verulega vegna hamfaranna, einkum þar sem aska og flóð voru mest. Öskufall, sem olli niðamyrkri á miðjum degi og gosdrunur ollu sálrænum vanda, sárindum í augum og öndunarfærum. Bændur höfðu jafnframt áhyggjur af bústofni sínu en einnig af ræktuðu landi og beitilandi, sem var hulið ösku og flóðaseti.

Í rannsókninni sem hér er kynnt verður gerð grein fyrir félagslegum og efnahagslegum áhrifum gossins á íbúa í næsta nágrenni Eyjafjallajökuls.